

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Efni: Rökstutt álit endurskoðendaráðs um niðurfellingu réttinda endurskoðanda skv. 2. tl. 1. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur

Með þessu rökstudda álitu leggur endurskoðendaráð til að réttindi A endurskoðanda verði felld niður sökum brota á lögum nr. 79/2008.

Málavextir

Með bréfi, dags. 11. maí 2016, var A boðaður í gæðaeftirlit 2016 í samræmi við ákvæði 22. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Óskaði endurskoðendaráð jafnframt eftir því að hann upplýsti ráðið um þau endurskoðunarverkefni sem hann hefði áritað/áætlaði að árita vegna reikningsársins 2016. Engin svör bárust við bréfi ráðsins og var erindið því ítrekað með tölvupósti, dags. 30. maí 2016. Ekki barst svar við tölvupóstinum og var því send ítrekun með ábyrgðarpósti, dags. 23. ágúst 2016. Erindið var ítrekað þann 5. september 2016 með tölvupósti. Þann 5. október 2016 barst endurskoðendaráði bréf frá A þar sem óskað var eftir því að gæðaeftirliti 2016 yrði frestað þar til snemma árs 2017. Endurskoðendaráð féllst ekki á þá beiðni og ítrekaði því beiðni um upplýsingar um hvaða endurskoðunarverkefni A áætlaði að árita. Þann 1. nóvember 2016 barst ráðinu tölvupóstur frá endurskoðandanum þar sem þau verkefni sem hann áætlaði að árita voru talin upp og jafnframt að hann erlendis mest allan nóvembermánuð.

Í samræmi við ákvæði laga óskaði endurskoðendaráð í kjölfarið eftir því með bréfi að Félag löggiltra endurskoðenda framkvæmdi eftirlitið. Þann 22. júní 2017 barst endurskoðendaráði erindi frá Félagi löggiltra endurskoðenda þess efnis að félagið hafi reynt án árangurs að framkvæma eftirlit hjá A og mundi ekki aðhafast frekar.

Með bréfi endurskoðendaráðs til A, dags. 30. júní 2017, kom fram að endurskoðendaráð teldi að með háttsemi hans hefði hann brotið gegn ótvíræðri skyldu endurskoðanda samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 79/2008 til að sæta gæðaeftirliti. Tekið var fram að vegna þess teldi ráðið koma til álita að beita viðurlögum á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Var honum af þeim sökum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, áður en endurskoðendaráð tæki ákvörðun í málinu. Óskað var eftir að andmæli bærust innan þriggja vikna frá dagsetningu bréfsins.

Svör bárust í tölvupósti þann 30. júlí 2017 þar sem fram kom að A hefði verið frá vegna lasleika og hefði ekki tíma fyrr en í haust til að gangast undir gæðaeftirlit.

Með rökstuddu álit, dags. 31. ágúst 2017, komst endurskoðendaráð að því að A hefði í störfum sínum brotið með svo alvarlegum hætti gegn ákvæðum 22. gr. laga nr. 79/2008 að ekki yrði við unað. Var A veitt áminning vegna brota á lögum nr. 79/2008.

Með bréfi, dags. 26. september 2017, var A boðaður í gæðaeftirlit 2017. Óskaði endurskoðendaráð jafnframt eftir því að hann upplýsti ráðið um þau endurskoðunarverkefni sem hann hefði áritað/áætlaði að árita vegna reikningsársins 2016. Engar upplýsingar bárust og var gæðaeftirlit 2017 ekki framkvæmt hjá A.

Með bréfi, dags. 9. maí 2018 var A boðaður í gæðaeftirlit 2018 og jafnframt var óskað eftir því að hann upplýsti ráðið um þau endurskoðunarverkefni sem hann hefði áritað/áætlaði að árita vegna reikningsársins 2017. Fullnægjandi upplýsingar bárust um endurskoðunarverkefni og óskaði endurskoðendaráð í kjölfarið eftir því með bréfi að Félag löggiltra endurskoðenda framkvæmdi eftirlitið.

Þann 10. desember 2018 barst endurskoðendaráði erindi frá Félagi löggiltra endurskoðenda þess efnis að A hefði ekki samþykkt boðun um eftirlit og mundi félagið ekki aðhafast frekar.

Með bréfi, dags. 10. desember 2018, var A tilkynnt að þar sem að hann hefði ekki samþykkt að undirgangast gæðaeftirlit 2018 kæmi til álita að beita hann viðurlögum á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Var A vegna þessa veittur andmælaréttur.

Þann 15. janúar 2019 afhenti A athugasemdir sínar á fundi sem formaður endurskoðendaráðs átti með honum. Á fundinum lofaði A að mundi hitta gæðaeftirlitsmenn eigi síðar en 10. mars. Þrátt fyrir það hefur A enn ekki tekið á móti gæðaeftirlitsmönnum.

Skylda til að sæta gæðaeftirliti samkvæmt lögum nr. 79/2008

Samkvæmt 15. gr. laga um endurskoðendur er það hlutverk endurskoðendaráðs að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækis ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Ráðið skal jafnframt sjá til þess að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja fari fram. Með gæðaeftirlitinu hefur ráðið reglubundið eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækis framfylgi lögum, siðareglum og öðrum reglum er taka til starfa endurskoðenda.

Í reglum nr. 712/2015 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda kemur fram í 2. gr. að gæðaeftirlit feli í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyrtækis, gæðastjórnun endurskoðenda og skoðun vinnuskjala eftir því sem við á. Gæðaeftirlitið skal fela í sér sannprófanir á að gæðakerfi, gæðastjórnun og frágangur vinnuskjala sé í samræmi við góða endurskoðunarvenju, skv. 9. gr. laga nr. 79/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Tilgangurinn er að leiða í ljós hvort að ákvæði laga og siðareglna kunna að hafa verið brotin. Í 7. gr. reglna nr. 712/2015 er umfangi eftirlitsins þannig lýst, sbr. og lista í viðaukum:

Við gæðaeftirlit skal kanna hvort endurskoðandi og endurskoðunarfyrtækis hafi uppfyllt eftirfarandi ákvæði laga um endurskoðendur:

1. Ákvæði 2. - 6. mgr. 3. gr. og 4. og 5. mgr. 4. gr.
2. Að gætt sé að óhæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækis í samræmi við ákvæði VI. kafla laganna.
3. Að gætt sé ákvæða 2. mgr. 8. gr. laganna um að endurskoðendur fylgi ákvæðum siðareglna sem settar hafa verið af Félagi löggiltra endurskoðenda í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum um endurskoðendur.
4. Að við endurskoðun sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún kemur fram í 9. gr. laganna sbr. og ákvæði II til bráðabirgða.
5. Að endurskoðendur hafi fullnægt skilyrðum um:
 - a. starfsábyrgðartryggingu samkvæmt 6. gr. laga um endurskoðendur,
 - b. endurmenntun samkvæmt 7. gr. laga um endurskoðendur,
 - c. búsföræði samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur.
6. Að endurskoðunarfyrtæki uppfylli kröfur laga um skýrslu um gagnsæi samkvæmt 29. gr. laga um endurskoðendur.

Þannig er ljóst að gæðaeftirlitið beinist ekki aðeins að því að kanna hvort ákvæði 9. gr. laga nr. 79/2008 um góða endurskoðunarvenju hafi verið fylgt heldur fjölmörgum öðrum ákvæðum laga nr. 79/2008 og siðareglna Félags löggiltra endurskoðenda sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Með gæðaeftirlitinu er leitt í ljós hvort endurskoðandi hafi í samræmi við 1. gr. laga nr. 79/2008 aflað viðeigandi gagna á óháðan og kerfisbundinn hátt og hvort hann hafi stuðst við þessi gögn til að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika gagnanna og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningssskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma á álitserð þeirri sem hann staðfestir með áritun sinni þess efnis.

Skylda endurskoðenda til að sæta gæðaeftirliti sem kannar fylgni við lög og reglur er gilda um störf endurskoðanda er ótvíræð og skýr samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 79/2008, sem og sú skylda „að veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir við gæðaeftirlitið.“

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur endurskoðendaráði ekki tekist að framkvæma gæðaeftirlit hjá A á árunum 2016, 2017 og 2018. Er því um að ræða brot A á 22. gr. laga nr. 79/2008. Telur ráðið að A hafi í störfum sínum brotið með svo alvarlegum hætti gegn lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, að ekki verði við unað.

Endurskoðendaráð lítur það alvarlegum augum að ekki hafi tekist að framkvæma gæðaeftirlit hjá A. Endurskoðendaráð leggur því til við ráðherra samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008, að réttindi A endurskoðenda verði felld niður vegna brota á 22. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

